

Leiðbeiningar er varða umsóknir um landskipti, sameiningu jarða, lausn úr landbúnaðarnotkun, stofnun nýs lögbýlis, endurbyggingu eyðijarðar og lausna úr óðalsböndum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með framkvæmd ábúðarlaga nr. 80/2004 og framkvæmd jarðarlaga nr. 81/2004 að því er tekur til landskipta, sameiningu jarða, lausn úr landbúnaðarnotkun, stofnun nýrra lögbýla, endurbyggingu eyðijarða og lausna úr óðalsböndum.

Reynslan sýnir að framkvæmd þessara mála getur vafist fyrir fólki og oft vantar nauðsynlega pappíra í langan tíma eða þau berast alls ekki og því ekki hægt að afgreiða viðkomandi erindi. Búast má við að í slíkum tilvikum verði þau gögn sem borist hafa, endursend og málinu lokað.

Til að auðvelda fólki vinnuna er hér að finna gátlista þar sem tiltekið er hvaða gögn þurfa að berast ráðuneytinu. Verið getur að óskað sé viðbótargagna.

Mikilvægt er;

- *að allir þinglesnir eigendur gefi samþykki sitt að viðkomandi gjörningi.*
- *að ef um skriflegt umboð er að ræða þarf það að vera undirritað af öllum aðilum sem veita umboðið með kennitölum og heimilisföngum og að umboðið sé vottað af tveimur til þess bærum aðilum.*
- *að ef hlutafélög, eða önnur félög, stofnanir eru aðilar málsins, þarf útprentun úr hlutafélagaskrá og að sá sem undirritar pappíra hafi umboð eða skráða heimild til þess.*
- *að öll gögn berist í einu lagi og að þau séu ekki of gömul, t.d. þinglýsingavottorð sem þurfa að vera ný.*

Landskipti:

- Skrifleg beiðni um landskipti með nöfnum, kennitölum og heimilisföngum allra eigenda og aðila landskiptanna.
- Lýsing á landskiptunum; landamerkjalyking; - afsal, - kaupsamningur, - landskiptagjörð eða samningur um landskipti.
- Samningur um landskipti eða landskiptagerð ásamt stofnskjali ef við á; Staðfesting á stofnun lóðar. (Byggingafulltrúi).
- Staðfestur uppdráttur af skipulagsyfirvöldum. (Byggingafulltrúi).
- Þinglýsingarvottorð.
- Umsögn sveitarstjórnar (Tilvitnun í fundargerð eða samþykkt sveitarstjórnar þar sem málið er tekið fyrir og afgreitt – áritað og stimplað).
- Í skiptasamningi þarf að koma fram hvaða jarðarhluta lögbýlisréttur fylgir, þ.m.t. upphaflegt heiti lögbýlisins.
- Önnur gögn sem þurfa þykir.

Sameining jarða:

- Skrifleg beiðni með nöfnum, kennitölum og heimilisföngum allra eigenda jarða og aðila sameiningar. Lýsing á legu jarða og landamerkjum þeirra.
- Staðfestur uppdráttur af skipulagsyfirvöldum (byggingafulltrúa) – fyrir og eftir sameiningu.
- Þinglýsingarvottorð beggja jarða.
- Umsögn sveitarstjórnar. (Tilvitnun í fundargerð eða samþykkt sveitarstjórnar þar sem málið er tekið fyrir og afgreitt – áritað og stimplað).
- Önnur gögn er þurfa þykir.

Óheimilt er að sameina land jarða eða jarðahluta sem ekki tilheyrir sama sveitarfélagi eða lögsagnarumdæmi.

- **Lausn úr landbúnaðarnotum:**
- Skrifleg beiðni samþykkt af öllum eigendum jarðar.
- Staðfestur uppdráttur af skipulagsyfirvöldum. (Byggingafulltrúi).
- Þinglýsingarvottorð.
- Umsögn sveitarstjórnar. (Tilvitnun í fundargerð eða samþykkt sveitarstjórnar þar sem málið er tekið fyrir og afgreitt – áritað og stimplað).

Leyfi ráðherra, ásamt uppdrætti staðfestum af skipulagsyfirvöldum þarf svo að þinglýsa til að gjörningurinn öðlist gild.

Stofnun nýs lögbýlis:

- Skrifleg umsókn með nöfnum, kennitölum og heimilisföngum allra aðila sem óska eftir að stofna lögbýli.
- Nafn jarðar eða fasteignar, sveitafélag, stærð, ræktun og mannvikri.
- Fyrirhuguð starfsemi.
- Önnur gögn sé þeirra óskað.

Endurbygging eyðijarðar:

- Skrifleg umsókn með nöfnum, kennitölum og heimilisföngum allra aðila sem óska eftir að endurbyggja jörðina.
- Nafn jarðar eða fasteignar og viðkomandi sveitafélag.
- Tiltaka stærð, ræktun og mannvikri eftir því sem við á.
- Fyrirhuguð starfsemi.
- Önnur gögn sé þeirra óskað

Lausn úr óðalsböndum:

- 51. gr. Jarðalaga nr. 81/2004 *Lausn úr óðalsböndum með samþykki erfingja o.fl.* Óðalseigandi sem búið hefur á ættaróðali skemur en 20 ár getur óskað eftir leyfi ráðherra til að leysa óðalið úr óðalsböndum ef þeir sem rétt áttu til óðalsins þegar óðalsbóndi tók við óðalinu samþykkja það og óska ekki eftir að taka óðalið til ábúðar. Verður óðalið þá eignarjörð viðkomandi bónda með lögbýlisrétt.
- 52. gr. Jarðarlaga nr. 81/2004 *Lausn úr óðalsböndum án samþykkis erfingja o.fl.* Ef óðalsbóndi hefur búið á og haft vörslur ættaróðals samfleytt í 20 ár eða lengur getur hann að fenginni umsögn sveitarstjórnar óskað eftir leyfi til að jörðin verði leyst úr óðalsböndum án þess að fyrir liggi samþykki þeirra er rétt áttu til óðalsins. Lausn úr óðalsböndum með samþykki erfingja